

74. fundur hjá veitustjórn Bláskógaveitu, haldinn í Aratungu þann 4. maí 2016, klukkan 16:00.

Mættir eru: Kjartan Lárusson, formaður, Axel Sæland, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Benedikt Skúlason, veitustjóri, Bjarni Daníelsson og Valtýr Valtýsson sem ritaði fundargerð.

- 1. Kynning á Bjarna D. Daníelssyni, sviðsstjóra Framkvæmda- og veitusviðs Bláskógabyggðar.**
Bjarni D. Daníelsson er mættur á sinn fyrsta fund hjá veitustjórn Bláskógaveitu, en hann hefur verið ráðinn sem sviðsstjóri Framkvæmda- og veitusviðs. Framkvæmda- og veitusvið tekur gildi frá 1. Júní 2016, en við þá skipulagsbreytingu eru Bláskógaveitur og Þjónustu- og framkvæmdasvið fært saman undir eitt svið hjá sveitarfélaginu. Veitustjórn býður Bjarna D. Daníelsson velkominn til starfa og vænta góðs og árangursríks samstarfs við hann.

- 2. Ársreikningur Bláskógaveitu, kalda- og heitavatnsveitu, 2015.**

Ársreikningur Bláskógaveitu, kalda- og heitavatnsveitu, 2015 lagðir fram. Helstu lykiltölur ársreikna eru í þúsundum króna:

Hitaveita

Rekstrartekjur	kr.	77.246
Rekstrargjöld	kr.	51.690
Afskriftir	kr.	-6.184
Fjármagnsgjöld	kr.	-1.372
Tekjuskattur	kr.	-2.653
Rekstrarniðurstaða jákvæð	kr.	15.347
Eignir samtals	kr.	249.200
Skuldir samtals	kr.	32.550
Eigið fé	kr.	116.650
Handbært fé í árslok	kr.	5.773

Kaldavatnsveita

Rekstrartekjur	kr.	29.419
Rekstrargjöld	kr.	1.545
Afskriftir	kr.	-7.181
Fjármagnsgjöld	kr.	-8.490
Rekstrarniðurstaða jákvæð	kr.	12.203
Eignir samtals	kr.	118.538
Skuldir samtals	kr.	123.898
Eigið fé	kr.	-5.359

- 3. Inntöknar beiðnir um inntök fyrir heitt og kalt vatn.**

3.1. Umsókn um heimlögn fyrir bæði heitt og kalt vatn að Herutúni 6, Laugarvatni.

Veitustjórn samþykkir að umrædd húseign verði tengd við veitukerfi Bláskógaveitu fyrir kalt og heitt vatn. Fyrst í stað verði um bráðabirgðatengingu að ræða þar til að frágangi gatna verði lokið og stofnlagnir í þeim fyrir heitt og kalt vatn.

K.L. B.S.
A.S. B.O.O. B.W. B.S.

- 3.2. Umsókn um heimlögn fyrir kalt vatn að Eiríksbraut 1 og 3 á Torfastöðum, frístundahúsaiverfi. Veitustjórn samþykkir að umræddar lóðir verði tengdar við kaldavatsveitu Bláskógaveitu.
- 3.3. Umsókn um heimlögn fyrir heitt og kalt vatn að Hlíðarholti 7 í landi Fells, frístundahúsaiverfi. Veitustjórn samþykkir að umræddar lóðir verði tengdar við heita- og kaldavatsveitu Bláskógaveitu.
- 3.4. Umsókn um heimlögn fyrir kalt vatn að Sandamýri í landi Einiholts. Veitustjórn treystir sér ekki til að tengja umrædda lóð að svo komnu máli, þar sem lóðin stendur hátt og stofnlagnir of grannar fyrir tengingu.
- 3.5. Umsókn um heimlögn fyrir heitt vatn að lóð 168051 í landi Snorrastaða. Veitustjórn samþykkir að tengja umrædda lóð við hitaveitu Bláskógaveitu.
- 3.6. Umsókn um heimlögn fyrir heitt vatn að Hamarsvegi 2 í landi lðu 2. Veitustjórn samþykkir að tengja umrædda lóð við hitaveitu Bláskógaveitu.

Ekki fleira tekið fyrir á fundinum. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Valtýr Valtýsson

Guðsteinn Lassi

Albin Sveinbjörnsson

Axel Soland

Eymir Ólafsson

Stefnir Stefánsson

Benedikt Ghilar